

Markáætlun á sviði vísinda og tækni 2009 til 2015

Auglýst er eftir hugmyndum að öndvegissetrum og rannsóknaklösum

Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá desember 2007 er bent á svið þar sem Íslendingar hafa burði til að ná sérstökum árangri á alþjóðlegum vettvangi og þar sem starfsemi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, opinberra aðila og einstakra þjóðfélagshópa getur fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi. Nú er auglýst eftir hugmyndum að öndvegissetrum eða rannsóknaklösum á þessum sviðum.

Markmiðið er að efla vísinda- og tæknirannsóknir, hvetja til árangursríkrar samvinnu milli ólíkra aðila innanlands og í alþjóðlegu samhengi og ýta undir verðmætasköpun og fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu. Rannsóknaklasinn eða öndvegissetrið á að hafa möguleika til að verða framúrskarandi í alþjóðlegu samhengi.

Vísinda- og tækniráð sér sérstök tækifæri í að:

- efla rannsóknir á menntun og kennslu til að þróa menntakerfið svo að það standi betur undir sívaxandi kröfum um þekkingu, virkni, sköpunarkraft, frumkvæði og sveigjanleika
- gera nýsköpunarstarfsemi að álitlegum fjárfestingarkosti og hvetja innlenda og erlenda fjárfesta og samkeppnissjóði til að veita sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum öflugan stuðning
- efla rannsóknir á íslenskum menningararfi, handrita- og bókmenningu, tungu og samtímamenningu samhliða þeirri áherslu sem nú er lögð á útrás og alþjóðlega ímynd landsins
- efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu, lyfjatækni og þróun matvæla
- efla rannsóknir á auðlindum lands og sjávar og hvernig nýta megí náttúrulegar auðlindir betur með sjálfbærum hætti
- efla rannsóknir á líklegum og afdrifaríkum breytingum lofts, láðs og lagar með öflugri þátttöku atvinnulífsins og fræðimanna úr fjölmörgum greinum
- efla rannsóknir sem snúa að innviðum íslensks samfélags, sérstöðu þess og séreinkennum
- efla skapandi greinar þar sem nýsköpun, öflug upplýsingatækni, menningarstarfsemi, afþreying og fjárfestar mætast og ný starfsemi vex fram

Íslensku vísinda- og tæknisamfélagi er boðið að leggja fram hugmyndir að öndvegissetrum eða rannsóknaklösum sem taka mið af þeim áherslum sem koma fram í ályktun ráðsins og vinna að þeim tækifærum sem koma fram hér að ofan. Allt að 10 hugmyndir fá 1.000.000 kr. styrk til frekari þróunar og verður höfundum þeirra boðið að senda inn fullbúna umsókn í október 2008.

Í boði eru tveir til fjórir styrkir til rannsókn- og nýsköpunarsamstarfs frá og með árinu 2009. Hámarksstyrkfjárhæð er 80 milljónir á ári til allt að sjö ára.

Frestur til að skila hugmyndum rennur út þriðjudaginn 13. maí klukkan 16:00.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Rannís (www.rannis.is) og á heimasíðu Vísinda- og tækniráðs (www.vt.is).